



Starfsáætlun 2026

Inngangur

Norðurlandaráð ungmenna (UNR) eru samtök pólitískra ungliðasamtaka og óháðra ungmennasamtaka á Norðurlöndum. Árið 2025 var UNR stofnað sem sjálfstæð samtök. UNR er vettvangur þar sem ungt fólk kemur saman og skiptist á hugmyndum og sýn um framtíð Norðurlanda. UNR er fastur þáttur í norrænum ákvarðanatökum í Norðurlandaráði, með áheyrnarrétt, málfrelsi og tillögurétt, bæði á nefndarfundum og þingi Norðurlandaráðs. Við erum málsvarar ungs fólks í norrænu samstarfi.

Aðild að ráðinu eiga ungliðasamtök þeirra stjórnmalaflokka á Norðurlöndum sem eiga fulltrúa í þjóðþingum eða samsvarandi stofnunum. Skipting atkvæða er í sama hlutfalli og skipting atkvæða móðurflokkanna í Norðurlandaráði. Óháð ungmennasamtök geta átt áheyrnarfulltrúa í ráðinu með áheyrnarrétt, málfrelsi og tillögurétt á þinginu. Á þennan hátt á breiður hópur ungmenna aðild að ráðinu með þeirra sýn á framtíð Norðurlanda.

Þingið kys stjórn árlega og stýrir hún starfinu milli þinga. Stjórnin tekur þátt í fundum Norðurlandaráðs og sinnir fulltrúaverkefnum til að fylgja eftir ályktunum þingsins og greina nánar frá þátttöku fulltrúa ungs fólks í norrænum ákvarðanatökum. Stjórnin tekur einnig að sér önnur verkefni sem eru í samræmi við markmið ráðsins.

Á næsta ári verður unnið að því að efla UNR sem sjálfstæð samtök með því að efla skrifstofuna, veita kjörnum fulltrúum meiri aðstoð og þróa stefnumarkandi samskiptastarf. Ýmsar aðgerðaáætlanir verða unnar og munu þær stuðla að aukinni fagmennsku UNR. Unnið verður áfram að því að undirbúa kjörna fulltrúa betur undir verkefni sín og veita fræðslu um ákvarðanatökufrelsin í norrænu samstarfi, bæði meðal fulltrúanna og breiðari hóps.

Starfsemi

Skipulag

Samtökin eru þróuð til að koma til móts við aukinn áhuga ungs fólks á að taka þátt í norrænu samstarfi. Stofnun UNR sem sjálfstæðra samtaka kallar á skipulagsbreytingar og að farið sé yfir verklag þeirra til að tryggja stöðuga, blómlega og hagkvæma starfsemi. Fjármálin verða þróuð með breiðari fjármögnun og farið verður yfir verkaskiptingu á skrifstofunni. Aukin stjórnunarverkefni kalla á samræmingu milli skrifstofu og stjórnar og verður sú vinna þróuð. Samstarf við skrifstofu Norðurlandaráðs verður eflt með reglulegum fundum skrifstofanna og kjörinna fulltrúa.

Stjórn

Stjórn kemur saman í tengslum við nefndafundi og þing Norðurlandaráðs. Auk þess fundar stjórnin mánaðarlega gegnum fjarfundarbúnað og er varamönnum einnig boðið til þess að halda þeim upplýstum um starfsemi UNR. Stjórnin fær fræðslu um viðfangsefni sín og þátttöku í norrænu samstarfi. Fræðslan fer fram í samstarfi við Norðurlandaráð þar sem boðið er upp á fundi með ýmsum umsjónaraðilum. Samstarf og miðlun þekkingar milli stjórna verður bætt bæði með aukinni fræðslu og til þess að varðveita stofnanaminni. Stjórnin eykur samskipti við aðildarsamtökin með fundum milli þinga eins og kostur er. Ályktunum sem beint er til Norðurlandaráðs er fylgt eftir í afgreiðsluferlinu og upplýsingar um ákvarðanir Norðurlandaráðs eru sendar aðildar- og áheyrnarsamtökunum eftir völdum leiðum.

Samstarf

Samstarf við aðildar- og áheyrnarsamtök er þróað til að auka skilning á starfsemi ráðsins og þekkingu á norrænu samstarfi almennt og ekki síst hvernig UNR getur haft áhrif. Kjörnir fulltrúar og fulltrúar aðildarsamtaka funda milli þinga til að kortleggja samskiptaleiðir og aðferðir sem koma til móts við óskir aðildarsamtakanna. Fundað er með aðildarsamtökum á staðnum í tengslum við fundi UNR. Fundirnir gefa



aðildarsamtökum kost á að hitta fulltrúa ráðsins og heyra nánar um það sem unnið er að og eins fær ráðið tækifæri til að kynna sér pólitísk málefni sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir viðkomandi land eða svæði.

Fulltrúaverkefni

UNR berast æ fleiri boð um að senda fulltrúa í ýmis verkefni. Verkefnum fulltrúa hefur fjölgað og kallar það á aukið fé og aðstoð skrifstofunnar. Erindunum er forgangsraðað út frá því hvort þau gagnast UNR og hlutverki samtakanna. Forsetinn er sá sem er fyrst og fremst fulltrúi UNR út á við en erindum er einnig miðlað til annarra í stjórninni til þess að dreifa ábyrgð og veita kjörnum fulltrúum reynslu. Þróað verður hvernig fulltrúaverkefnum er fylgt að þeim loknum.

Samskiptastarf

Samskiptastarf er í markvissri þróun og unnið er að samskiptaáætlun. Samstarf UNR og samskiptasviðs Norðurlandaráðs verður þróað til þess að auka hagkvæmni í samskiptastarfi, miðla þekkingu og auka skilning á samstarfi stofnananna og hlutverkum þeirra. Óskir aðildar- og áheyrnarsamtaka eru teknar til greina til þess að samskiptin verði markviss og nái til rétttra markhópa. Við miðlum upplýsingum um störf og árangur ráðsins og þau málefni sem eru efst á baugi hjá ungu fólki á Norðurlöndum. Efni vefsíðunnar verður uppfært og mögulega verða gerðar breytingar á allri uppbyggingu hennar til þess að hún verði markvissari og notendavænni.

Mælingar

Við mælum þróun starfseminnar árlega. Meðal þess sem við fylgjumst með er:

- Þing
 - Fjöldi þátttakenda á þingi
 - Fjöldi samtaka sem taka þátt í þingi
 - Fjöldi ályktana sem eru lagðar fyrir þing
 - Mat á þingi
- Stjórn
 - Fjöldi þátttakenda á stjórnarfundum
 - Þátttaka á fundum, nefndarfundum og þingum Norðurlandaráðs
 - Fjöldi ályktana sem samþykktar eru í Norðurlandaráði
 - Fjöldi fulltrúaverkefna
- Samskiptastarf
 - Fjöldi heimsóknna á vefinn
 - Fjöldi virkra fylgjenda á samfélagsmiðlum
 - Fjöldi greina um UNR í öðrum fjölmiðlum
- Fulltrúaverkefni
 - Fjöldi utanaðkomandi trúnaðarstarfa
 - Fjöldi lokinna fulltrúaverkefna